

Fundargerð 165. fundar stjórnar Austurbrúar haldinn 24. október 2025

Fundurinn haldinn á Teams og hófst kl. 09:30.

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Berglind Harpa Svavarsdóttir (formaður), Þuríður Lillý Sigurðardóttir (varaformaður), Eypór Stefánsson, Stefán Þór Eysteinnsson, Axel Örn Sveinbjörnsson, Sindri Sigurðsson og Díana Mjöll Sveinsdóttir. Jóhann F. Þórhallsson sem áheyrnarfulltrúi.

Mætt frá Austurbrú: Bryndís Fiona Ford (framkvæmdastjóri) og Jón Knútur Ásmundsson (ritari).

Gestur: Urður Gunnarsdóttir, verkefnastjóri hjá Austurbrú.

Dagskrá

1. Fundargerð stjórnarfundar nr. 164 til kynningar

2. Helstu verkefni Austurbrúar - skýrsla framkvæmdastjóra

- Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni frá síðasta stjórnarfundum og svaraði spurningum stjórnar. Hún sagði frá kjördæmaviku (heimsóknum alþingismanna) og opnu samráði um endurskoðun byggðaaætlunar. Sagt var frá viðburðum farsældarviku á Austurlandi (10. til 17. okt) og vinnu við stofnun farsældarráðs, málþinginu Öruggara Austurlandi, opnun geðræktamiðstöðva á Reyðarfirði og Egilsstöðum, úthlutun Uppbyggingarsjóðs sem verður á Stöðvarfirði í desember og heimsókn Loga Einarssonar, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra. Þá er Guðmundur Ingi Kristinnsson, mennta- og barnamálaráðherra, líka væntanlegur austur til að heimsækja framhaldsskóla og hefur ráðuneyti hans óskað eftir fundi með framkvæmdastjóra og formanni stjórnar Austurbrúar. Framkvæmdastjóri sagði frá viðburðum sem verða á næstunni þ.e. Dögum myrkurs, Matarmóti Austurlands og haustfundi ferðaþjónustunnar. Sagt var frá fyrirhugaðri flugráðstefnu sem stefnan er að halda næsta vor og starfameissu sem áætlað er að halda í Fjarðabyggð en tilgangurinn hennar er að kynna starfstækifæri í landshlutanum fyrir ungu fólki.

3. Fundadagskrá stjórnar 2026

- Framkvæmdastjóri fór yfir tillögu að fundadagskrá næsta árs.

4. Starfsmannamál og fundur með starfsháttanefnd

- Framkvæmdastjóri fór yfir starfsmannamál og sagði frá fundi sem hún átti með starfsháttanefnd um skipulagsskrá, skipurit og hlutverk nefndar. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram út frá þeim forsendum sem kynntar voru á fundinum og starfsháttanefnd skipti með sér verkum. JKÁ vék af fundi undir þessum lið.

5. Önnur mál

- UG fór yfir stöðu Hvatasjóðs Seyðisfjarðar. Frá 2021 - 2023 var úthlutað 64 styrkjum til 34 umsækjenda. Heildarupphæð þeirra var 165 milljónir.
- Erindi barst frá heimastjórn Djúpavogs vegna kostnaðar við próftöku fjarnema. Stjórn þakkar ábendinguna. Framkvæmdastjóri útskýrði afstöðu Austurbrúar. Erindinu verður svarað á næstu dögum en málið verður svo unnið áfram til að efla þjónustuna enn frekar.

Fundi slitið kl. 11:45

Undirritunarsíða

Berglind Harpa Svavarsdóttir

Þuríður Lillý Sigurðardóttir

Stefán Þór Eysteinnsson

Eypór Stefánsson

Axel Örn Sveinbjörnsson

Díana Mjöll Sveinsdóttir

Sindri Karl Sigurðsson

Jóhann Frímann Þórhallsson